



## AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR 2020-2032

**Leirá – breyting aðalskipulags**

*Nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði.*

**13.06.2024**





## **AÐALSKIPULAGSBREYTING**

---

### **SKJALALYKILL**

---

108572-GRG-001-V01

### **HÖFUNDUR**

---

HB / SOS / BRE

### **RÝNT**

---

ÁJ

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
1.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038 – tillaga til þingsályktunar	5
1.2	Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032	6
3.1	Vatnaáætlun	7
3.2	Deiliskipulag	8
3.3	Fornminjar	8
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
4.1	Breytingar á uppdrætti	9
4.2	Breytingar á greinargerð	9
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	12
5.1	Umhverfispættir og áherslur	12
5.2	Valkostir	13
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	13
5.4	Niðurstaða	15
6	SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR	16
6.1	Umsagnaraðilar	16
6.2	Skipulagsferlið	16

## INNGANGUR

Hvalfjarðarsveit vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010. Landeigendur Leirá (L133774) í Leirársveit óska eftir að breyta hluta jarðarinnar úr landbúnaðarsvæði L1, L2 og frístundabyggð F36 í skógræktar- og landgræðslusvæði. Svæðið sem um ræðir er um 38,8 ha að stærð. Jörðin er skráð 121,6 ha að stærð.

Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags.

### Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi.


## FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Jörðin Leirá er staðsett austan við samnefnda á og var höfðingjasetur um langt skeið og henni fylgdu margar jarðir. Landið er sléttlent og hallar til suðurs frá Skarðsheiði og nær á kafla suður og austur að Laxá, sem telst vera ein besta laxveiðiá landsins.

Aðkoma er af Leirársveitarvegi (nr. 504).

Markmið landeigenda með breytingunni er að nýta betur þau tækifæri sem til staðar eru á jörðinni með skógrækt til kolefnisbindingar. Svæðið sem breytingin er á vel grónu landi, úthaga sem er að hluta til melasvæði en að hluta framræst deiglendi/votlendi sem þó hefur ekki þótt ástæða til að rækta. Með tilvísun til 5. gr. jarðlaga nr. 81/2004 má benda á að skógrækt er einnig landbúnaður en einnig er talsvert framboð af landbúnaðarlandi innan sveitarfélagsins og umrætt svæði flokkast ekki sem úrvals landbúnaðarland nema að mjög litlu leyti, sbr. flokkun þess.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er svæði breytingarinnar skilgreint sem grasengjavist (L9.5), grasmóavist (L10.4), stinnastaravist (L9.1), língresisi- og vingulsvist (L9.6) og starungsmýrarvist (L8.9). Allar þessar vistgerðir eru fremur algengar á landsvísi en hafa hátt og nokkuð hátt verndargildi, þar sem þær eru á lista Bernarsamningsins.



MYND 1 Rauða afmörkunin sýnir svæði útplöntunar

## TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við breytingu á aðalskipulagi er horft til eftirfarandi áætlana:

### Landsskipulagsstefna 2024-2038 – tillaga til þingsályktunar

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum um „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið er snúa að vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélagsins og samkeppnishæfu atvinnulífi sem horft er til við breytingar á aðalskipulagi:

Kolefnishlutleysi er leiðarljós markmiðsins um *vernd umhverfis og náttúru*. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera að leiðarljósi í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er leiðarljós markmiðsins um *velsæld samfélagsins* og skal skipulag stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

## Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032

Aðalskipulagið var staðfest í maí 2023. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem landbúnaðarland L1, L2 og að hluta frístundasvæði F36 en fyrirhugað er að breyta því í skógræktar- og landgræðslusvæði.

Í kafla 2.4.1 í aðalskipulagi eru eftirfarandi skilmálar fyrir landbúnaðarland:

**TAFLA 7.** Hluti úr töflu um skipulagsskilmála fyrir landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	<p>Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I sbr. kortlagningu), sléttlendi, frjósamur jarðvegur og nær grjótlaust og hentar því vel til akuryrkju. Að jafnaði er eingöngu heimilt að byggja til landbúnaðar eða í tengslum við rekstur búans s.s. minni háttar rekstur með landbúnaði, til að auðvelda kynslóðaskipti eða byggingar til landbúnaðar. Lóðastærðir fara eftir umfangi framkvæmdar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimilt er að byggja upp í tengslum við núverandi bæjartorfur eða í jaðri svæða.</li> <li>• Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.</li> <li>• Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, sé ekki um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li> <li>• Framkvæmdir í almannapágu s.s. veitur og vegagerð er heimil</li> <li>• Heimilt er að planta skjólbeltum.</li> </ul>	3.708

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ Í HA
L2	Annað landbúnaðarland	<p>Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu) 4. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu (Viðauki I). Heimilt að byggja til landbúnaðar eða í tengslum við rekstur búans s.s. minni háttar rekstur með landbúnaði, til að auðvelda kynslóðaskipti eða byggingar til landbúnaðar. Lóðastærðir fara eftir umfangi framkvæmdar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlendi með mannvirkjagerð.</li> <li>• Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar, skjólbeltaræktunar eða endurheimtar votlendis.</li> <li>• Heimilt er að byggja upp á stökum landspildum, 2 ha eða stærri til fastrar búsetu. Nýtingarhlutfall lóðar allt að 0,05, þó aldrei meira en 2.500 m<sup>2</sup>.</li> <li>• Heimilt er að byggja stök frístundahús á lóðum 0,25 – 2 ha lóðum. Nýtingarhlutfall lóðar verði allt að 0,05 en þó aldrei yfir 250 m<sup>2</sup>. Lóðir verði utan verndarsvæða eða skilgreindra hættusvæða. Verði frístundalóðir 4 eða fleiri samliggjandi skal skilgreina svæðið sem frístundabyggð.</li> </ul>	11.854


Í kafla 2.2.2 í aðalskipulagi eru eftirfarandi skilmálar fyrir frístundabyggð:

**TAFLA 36.** Hluti úr töflu um skipulagsskilmála fyrir frístundabyggð í gildandi aðalskipulagi.

NR	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	STÆRÐ HA
F36	Leirá	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	34	34

Í kafla 2.4. í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um skógræktar- og landgræðslusvæði:

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði og ræktunarmöguleika.
- Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og bindingar kolefnis samhliða nýtingu skógarafurða.
- Landeigendur eru hvattir til að hefta útbreiðslu ágengra plöntutegunda, einkum á viðkvæmum svæðum.
- Stuðlað verði að útbreiðslu, varðveislu og endurheimt birkiskógavistkerfisins. Við næstu endurskoðun aðalskipulags verða felld út þau svæði sem ekki hafa verið deiliskipulögð og/eða eru óbyggt.



**MYND 2.** Hluti að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032. Skipulagssvæðið er innan rauða hringins.

## Vatnaáætlun

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Melabakkar-Leirá nr. 104-193-G og rennur Leirá 2 nr. 104-186-R vestan við skipulagssvæðið. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

## **Deiliskipulag**

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir skipulagssvæðið. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir að svæðið verði deiliskipulagt, nýting svæðis verður í samræmi við skilmála aðalskipulags um skógræktar- og landgræðslusvæði.

## **Fornminjar**

Tvær þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins, Tannakot/Grjóthóll/Þinghóll (BO-109:015), heimild um býli og þúst (BO-109:015). Skv. Minjastofnun Íslands ber að varðveita þessar minjar og sett hefur verið út 20 m svæði út frá uppgefnum punktum þar sem hvorki verður sáð í né plantað.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar verða breytingar bæði á sveitarfélagsuppdrætti og gildandi greinargerð Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Stærðir breytast fyrir L1, L2 og F36 en skilmálar núverandi svæða haldast áfram lítt breyttir. Stofnað er nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði S28. Töflunúmer vísa til töflunúmera í gildandi aðalskipulagi.

### Breytingar á uppdrætti

Hluti af frístundabyggð F36 og landbúnaðarlandi L1 og L2 er breytt í skógræktar- og landgræðslusvæði. Afmörkun svæða mun breytast og stærðir þeirra samhliða því. Nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði SL28 er afmarkað á uppdrætti.

### Breytingar á greinargerð

Texti í töflum 7 og 36 breytist þar sem hektaratala landbúnaðarlands L1, L2 og F36 minnkar en þess í stað verður til nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði. Ekki er fullt samræmi milli stafrænna gagna og uppgefinnar hektaratölu í gildandi greinargerð fyrir svæði L1, L2 og F36 og breyting á stærðum nemur minna en gert er grein fyrir í þessari breytingu.

Hluti af frístundabyggð F36 og landbúnaðarlandi L1 og L2 er breytt í skógræktar- og landgræðslusvæði. Stærðir þessara svæða breytast í skilmálatöflum og nýju SL svæði bætt í skilmálatöflu um skógræktar- og landgræðslusvæði.

### Frístundabyggð (F):

**TAFLA 36.** Skilmálar fyrir frístundabyggð - texti í töflu gildandi aðalskipulags.

NR	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	STÆRÐ HA
F36	Leirá	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	34	34

**TAFLA 36.** Skilmálar fyrir frístundabyggð - breyttur texti í töflu.

NR	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	HEIMILAÐUR FJÖLDI LÓÐA	STÆRÐ HA
F36	Leirá	Ekkert deiliskipulag er í gildi og svæðið er óbyggt.	21	21

## Landbúnaðarland (L):

Landbúnaðarland L1 minnkar og breytir um afmörkun.

**TAFLA 7 .** Skilmálar fyrir landbúnaðarland - Texti í töflu gildandi aðalskipulags.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD Í HA
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	<p>Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I sbr. kortlagningu), sléttlendi, frjósamur jarðvegur og nær grjótlaust og hentar því vel til akuryrkju. Að jafnaði er eingöngu heimilt að byggja til landbúnaðar eða í tengslum við rekstur búans s.s. minni háttar rekstur með landbúnaði, til að auðvelda kynslóðaskipti eða byggingar til landbúnaðar. Lóðastærðir fara eftir umfangi framkvæmdar.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Heimilt er að byggja upp í tengslum við núverandi bæjartorfur eða í jaðri svæða.</li><li>• Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.</li><li>• Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, sé ekki um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li><li>• Framkvæmdir í almannapágu s.s. veitur og vegagerð er heimil</li><li>• Heimilt er að planta skjólbeltum.</li></ul>	3.708

**TAFLA 7 .** Skilmálar fyrir landbúnaðarland - Breyttur texti í töflu.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD Í HA
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	<p>Land sem er skilgreint sem úrvals landbúnaðarland (flokkur I sbr. kortlagningu), sléttlendi, frjósamur jarðvegur og nær grjótlaust og hentar því vel til akuryrkju. Að jafnaði er eingöngu heimilt að byggja til landbúnaðar eða í tengslum við rekstur búans s.s. minni háttar rekstur með landbúnaði, til að auðvelda kynslóðaskipti eða byggingar til landbúnaðar. Lóðastærðir fara eftir umfangi framkvæmdar.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Heimilt er að byggja upp í tengslum við núverandi bæjartorfur eða í jaðri svæða.</li><li>• Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt. Í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.</li><li>• Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, sé ekki um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li><li>• Framkvæmdir í almannapágu s.s. veitur og vegagerð er heimil</li><li>• Heimilt er að planta skjólbeltum.</li></ul>	3.706

Landbúnaðarland L2 minnkar og breytir um afmörkun.

**TAFLA 7 .** Skilmálar fyrir landbúnaðarland - Texti í töflu gildandi aðalskipulags.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD Í HA
L2	Annað landbúnaðarland	<p>Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu) 4. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu (Viðauki I). Heimilt að byggja til landbúnaðar eða í tengslum við rekstur búans s.s. minni háttar rekstur með landbúnaði, til að auðvelda kynslóðaskipti eða byggingar til landbúnaðar. Lóðastærðir fara eftir umfangi framkvæmdar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð.</li> <li>• Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar, skjólbeltaræktunar eða endurheimtar votlendis.</li> <li>• Heimilt er að byggja upp á stökum landspildum, 2 ha eða stærri til fastrar búsetu. Nýtingarhlutfall lóðar allt að 0,05, þó aldrei meira en 2.500 m<sup>2</sup>.</li> <li>• Heimilt er að byggja stök frístundahús á lóðum 0,25 – 2 ha lóðum. Nýtingarhlutfall lóðar verði allt að 0,05 en þó aldrei yfir 250 m<sup>2</sup>. Lóðir verði utan verndarsvæða eða skilgreindra hættusvæða. Verði frístundalóðir 4 eða fleiri samliggjandi skal skilgreina svæðið sem frístundabyggð.</li> </ul>	11.854

**TAFLA 7 .** Skilmálar fyrir landbúnaðarland - Breyttur texti í töflu.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD Í HA
L2	Annað landbúnaðarland	<p>Land sem er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki II-IV (sbr. kortlagningu) 4. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II sbr. kortlagningu (Viðauki I). Heimilt að byggja til landbúnaðar eða í tengslum við rekstur búans s.s. minni háttar rekstur með landbúnaði, til að auðvelda kynslóðaskipti eða byggingar til landbúnaðar. Lóðastærðir fara eftir umfangi framkvæmdar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð.</li> <li>• Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar, skjólbeltaræktunar eða endurheimtar votlendis.</li> <li>• Heimilt er að byggja upp á stökum landspildum, 2 ha eða stærri til fastrar búsetu. Nýtingarhlutfall lóðar allt að 0,05, þó aldrei meira en 2.500 m<sup>2</sup>.</li> <li>• Heimilt er að byggja stök frístundahús á lóðum 0,25 – 2 ha lóðum. Nýtingarhlutfall lóðar verði allt að 0,05 en þó aldrei yfir 250 m<sup>2</sup>. Lóðir verði utan verndarsvæða eða skilgreindra hættusvæða. Verði frístundalóðir 4 eða fleiri samliggjandi skal skilgreina svæðið sem frístundabyggð.</li> </ul>	11.832

### Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL):

**TAFLA 8 .** Skilmálar fyrir Skógræktar og landgræðslusvæði – bætt er inn nýju svæði að Leirá.

NR	JÖRÐ	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
SL28	Leirá	Fyrirhugað skógræktarsvæði. Blönduð skógrækt, m.a. til kolefnisbindingar. Minjar hafa verið skráðar, finnst áður óþekktar minjar verður ekki plantað innan 15 m fjarlægðar frá þeim. Heimilt að leggja vinnuslóða að svæðinu og um það, m.a. til framkvæmdar og síðar varðandi umhirðu svæðis. Kvöð um aðkomu er um land Leirár.	39

## UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

### Umhverfisþættir og áherslur

Skoðuð eru áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 7.

**TAFLA 7.** Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
<b>Land og landnotkun</b> <i>Landslag</i> <i>Landnotkun</i> <i>Ásýnd</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.</li> <li>Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulag skógræktar skal huga að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.</li> </ul> <i>Aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Val á landi til skógræktar taki tillit til landslags og verðmæti landbúnaðarlands.</li> </ul> <i>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernd landbúnaðarlands með það markmið að tryggja fæðuöryggi til framtíðar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á landnotkun og landbúnaðarland? Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins?
<b>Náttúrufar</b> <i>Vistkerfi</i> <i>Gróður</i> <i>Jarðvegur</i> <i>Búsvæði dýra</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg, að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni.</li> </ul> <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa.</li> <li>Skógrækt stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd.</li> </ul> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <i>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</i> <i>Lög um skógrækt nr. 33/2019.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
<b>Loftslagsmál</b> <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.</li> </ul> <i>Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda m.a. með aukinni skógrækt.</li> </ul> <i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa.</li> </ul> <i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál?
<b>Heilnæmt umhverfi</b> <i>Grunnvatn.</i> <i>Öryggi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd,</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á hættu á gróðureldum?

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurningar
	<p>vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Í skipulagi verði hugað sérstaklega að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum.</li> </ul> <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.</li> </ul>	
<p><b>Samfélag</b> Atvinnulíf. Hagræn áhrif. Útivist.</p>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.</li> <li>Skapa aðlaðandi og öruggt umhverfi og veita möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.</li> </ul> <p><i>Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stuðla að eflingu atvinnulífs, stuðla að nýsköpun.</li> <li>Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og bindingar kolefnis samhliða nýtingu skógarafurða.</li> </ul> <p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist.</li> <li>Aukin landgæði í skógum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og þróun byggða.</li> <li>Að vinna að auknu verðmæti skógarafurða.</li> <li>Að landnýting styðji við atvinnu og byggð.</li> </ul> <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýting skóga skal vera sjálfbær og skila þannig sem mestum ávinningi til samfélagsins, þ.e.a.s. hagrænum, umhverfislegum og félagslegum ávinning.</li> </ul>	<p>Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf og hagræna þætti? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika?</p>
<p><b>Náttúru- og menningarminjar</b> Fornminjar.</p>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja.</li> </ul> <p><i>Aðalskráning fornminja.</i></p> <p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i></p> <p><i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p>

## Valkostir

Gert verður grein fyrir áhrifum breyttrar stefnu samanborið við stefnu í gildandi aðalskipulagi (núll kostur).

**Breytt skipulag:** Stofnað er nýtt um 38 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Hluti af landbúnaðarlandi L2 og hluti af F36 er tekið undir nýtt SL svæði.

**Núll-kostur:** Stefna skipulagsins helst óbreytt. Ekki er gert ráð fyrir nýju skógræktar- og landgræðslusvæði á Leirá. F36 helst óbreytt.

## Mat á umhverfisáhrifum

### BREYTT SKIPULAG

**Áhrif á land og landnotkun eru metin veruleg/jákvæð.** Vannýtt landbúnaðarland er nýtt til skógræktar, ekki er gengið á úrvals landbúnaðarland sem nýtist til matvælaframleiðslu og enn er nægilegt framboð af slíku til staðar. Skógrækt kemur ekki til með að skerða möguleika á landbúnaðarstarfsemi á nærliggjandi jörðum. Ekki er gengið á verðmætar landslagsheildir en ásynd

svæðis mun breytast þar sem það er nú gróðursnautt eða vaxið lággróðri. Þá leiðir skógrækt af sér skjól á svæðinu, bæði fyrir aðliggjandi ræktunarlönd sem og frístundabyggð og getur verið til þrýði.

**Áhrif á náttúrufar er metin jákvæð/óveruleg.** Vistkerfi svæðisins kemur til með að þróast og mynda vistkerfi skóglendis. Svæðið er á stöðum rýrt og kemur jarðvegur því til með að byggjast upp. Erfitt er að greina áhrif á líffræðilega fjölbreytni en tegunda samsetning kemur til með að breytast. Svæðið er að mestu tún og akurlendi en þó er að finna minni einingar af vistgerðum með hátt verndargildi sem þó hafa mikla útbreiðslu á landsvísu skv. vistgerðakortlagningu NÍ. Skógrækt hefur áhrif á búsvæði fugla en svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði skv. NÍ.

**Áhrif á loftslagsmál er metin jákvæð.** Skógrækt er mikilvæg aðgerð til að sporna gegn lofslagsbreytingum og að stuðla að kolefnishlutleysi sveitarfélagsins. Verið er að auka bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu og auka kolefnisforða vistkerfa í gróðri og jarðvegi. Skógarvistkerfi hafa þann eiginleika að geta bundið talsvert magn af kolefni bæði í gróðurhulu og í jarðvegslögum.

**Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg.** Möguleg hætta vegna gróðurelda, farið verður eftir viðeigandi viðbragðsáætlunum. Fyrirhugað er að svæðið verði beitt að hluta þegar trjágróður er búin að breiðast út til að koma í veg fyrir að sína nái að koma upp og mögulega valda skógareldum. Ekki er talin hætta á raski vatnshlota vegna skógræktarinnar og hefur skógrækt í för með sér jákvæð áhrif á loftgæði.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Skógrækt hefur í för með sér hagrænan og umhverfislegan ávinning, hún er atvinnuskapandi og tekjuaukandi fyrir landeiganda og er nýting affals efnisviðs góð. Svæðið getur nýst til útivistar þeirra sem dvelja í frístundabyggðinni sem hefur jákvæð áhrif á lífsgæði og almenna lýðheilsu. Breytt landnotkun sem eflir skógrækt og stuðlar að kolefnishlutleysi eikur seiglu samfélagsins gegn loftslagsbreytingum.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg.** Á svæðinu eru þekktar menningarminjar, Tannakot, sem skv. fornleifaskráningu eru nú horfnar. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

#### GILDANDI SKIPULAG

**Áhrif á land, landslag, náttúrufar og heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg.** Svæðið heldur sér eins og það.

**Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg.** Svæðið heldur sér eins og það er og stuðlar ekki að aukinni kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi umfram núverandi gróðurframvindu.

**Áhrif á samfélag er óveruleg.** Stefnan hefur engin áhrif á atvinnu á svæðinu og né heldur möguleika á skógi til útivistar.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg.** Á svæðinu eru þekktar minjar, Tannakot, sem skv. fornleifaskráningu eru nú horfnar.

## Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni.

Skógrækt mun hafa tekjuaukandi og atvinnuskapandi möguleika í sveitarfélaginu, tekjur skapast hjá landeigendum og svæði, sem er að hluta nokkuð rýrt er grætt upp. Ekki er gengið á úrvals landbúnaðarland eða skert möguleika til matvælaframleiðslu. Við valkostagreiningu á staðsetningu og útbreiðslu skógræktarinnar var tillit tekið til nærliggjandi túna sem henta betur undir landbúnaðarstarfsemi og þau undanskilin. Skógar mynda gott skjól og efla ræktunarmöguleika og uppskeru á svæðum í kring og eru skógar einnig kjörnir til útivistar. Uppgræðsla svæðisins leiðir til gróðurframvindu og jarðvegsmyndunar sem bindur kolefni og stuðlar að kolefnishlutleysi. Stefna skipulagsins er í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og samræmist aðgerðaráætlun landgræðslu og skógræktar.

Heildar áhrif tillögunar eru metin jákvæð/óveruleg.

## SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og með auglýsingu í blöðum. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í Skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

### Umsagnaraðilar


Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Land og Skógur
- Búnaðarsamband Vesturlands
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

### Skipulagsferlið


Eftirfarandi er líklegt skipulagsferli.






# Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032

## Sveitarfélagsuppdráttur - Breyting Leirá SL28



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

### Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Hitaveita
- Rafveita, loftlína
- Veitur, hitaveita
- Veitur, ljósleiðar
- Veitur, rafmagn, loftlína
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- Göngu og reiðleið
- Reiðleið
- Mannvirki
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Vatnsból
- Verslun og þjónusta

- Hverfisvernd
- Vatnsvernd grannsvæða
- Vatnsvernd fjarsvæða
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Íbúðarbyggð
- Óbyggð svæði

### Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032  
Sveitarfélagsuppdráttur - Breyting Leirá SL28

Verk: 108572  
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4  
Rýnt: ÁJ

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 13.06.2024  
Breytt dags:

